



## Reglur um Rannsóknasjóð

### 1. gr.

Rannsóknasjóður Listaháskóla Íslands hefur það hlutverk að styðja við rannsóknir akademískra starfsmanna og stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista.

### 2. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög skólans skv. rekstraráætlun og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að hlotnast.

### 3. gr.

Stjórn Rannsóknasjóðs skal skipuð þremur aðilum, einum utanaðkomandi og tveimur frá Listaháskóla Íslands, og skal annar þeirra eiga sæti í rannsóknarnefnd fagraðs. Þeir skulu hafa þekkingu á fræðasviði lista. Þeir geta jafnframt leitað álits annarra sérfræðinga, sé þess þörf.

Stjórn er skipuð af rektor til tveggja ára í senn, eftir tillögum frá framkvæmdaráði. Tryggja skal að stjórnarsetu fleiri en tveggja stjórnarmanna ljúki ekki á sama tíma.

Hlutverk stjórnar er að meta umsóknir og ákvarða styrki til úthlutunar á grundvelli þessara reglna.

### 4. gr.

Framkvæmdastjóri Listaháskóla Íslands sér um rekstur og vörslu Rannsóknasjóðs í umboði sjóðsstjórnar. Forstöðumaður rannsóknþjónustu er ritari sjóðsins.

### 5. gr.

Rétt til að sækja um styrki úr sjóðnum hafa fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall.

### 6. gr.

Við mat á umsóknum skal taka mið af gildi verkefnis og meta framlag þess til viðkomandi fagsviðs. Leggja skal mat á með hvaða hætti verkefnið muni leiða af sér nýja þekkingu, túlkun eða aðferð á viðkomandi sviði, og hvort verk- og tímaáætlun sem og kostnaðaráætlun séu raunhæfar. Skilyrði er að verkefninu sé miðlað á opinberum vettvangi.

### 7. gr.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári, á vorönn.

Meðal þess sem sjóðurinn styrkir er framleiðslukostnaður, aðkeypt þjónusta eða annar útlagður kostnaður við framkvæmd verkefnis. Ekki er mögulegt að sækja um styrk fyrir eigin launum, en umsækjendur skulu gera grein fyrir áætlðu vinnuframlagi sínu í umsókn.

Hægt er að sækja um styrki til þriggja ára að hámarki. Styrkir eru greiddir út árlega, og ef um lengra verkefni en til eins árs er að ræða eru greiðslur háðar skilum framvinduskýrslu fyrra árs.

### 8. gr.

Umsókn skal innihalda:

- Lýsingu á viðfangsefni, markmiðum og forsendum verkefnis.
- Lýsingu á samhengi viðfangsefnis og ytri vísanir (s.s. samfélagslega, menningarlegar, hugmyndafræðilegar, fagurfræðilegar eða listrænar). Hvert er framlag verkefnisins til viðkomandi fagsviðs?
- Lýsingu á aðferðum, tækni og formi sem áætlað er að vinna verkið í.
- Tíma- og verkáætlun.
- Áætlun um miðlun verkefnisins á opinberum vettvangi.
- Ítarleg kostnaðaráætlun.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og yfirlit yfir helstu verk umsækjanda.

**9. gr.**

Að loknu verkefni skal skrá afrakstur þess í gagnagrunn skólans um afrakstur rannsókna.

**10. gr.**

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. reglna Listaháskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af stjórn Listaháskóla Íslands þann 2. apríl 2019.